



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

Alþingi

www.angling.is • angling@angling.is

Erindi nr. P 131/1596

komudagur 25.4.2005

Landbúnaðarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

24. apríl, 2005

**Efni: Frumvarp til laga um landbúnaðarstofnun þingskjal 1058 og breytingar á ýmsum lögum, þingskjal 1059. Umsögn Landssambands veiðifélaga.**

Landssamband veiðifélaga gerir athugasemdir við þá breytingu sem fyrirhuguð er á stjórnslu veiðimála í framkomnu frumvarpi um landbúnaðarstofnun.

Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn þeirri ráðstöfun að embætti veiðimálastjóra sé lagt niður sem sjálfstæður stjórnsluaðili og í raun innlimað í embætti yfirdýralæknis eins og 3ja gr. frumvarpsins ber með sér. Nauðsynlegt er að mati LV að tryggja í lögnum faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði hinna einstöku sviða eða skrifstofa landbúnaðarstofnunar en eðlilegt er að rekstrarleg yfirstjórn verði á einni hendi.

Við vörum við þeirri hugmynd að setja þessar ólíku stofnanir og embætti á einn og sama lið fjárlaga. Hætt er við að lítil skrifstofa veiðimála verði útundan þegar fjármagni verður útteilt innan stofnunar og mat lagt á þýðingu verkefna. Þá virðist vanta á að rekstrargrundvöllur sé fyrir landbúnaðarstofnun miðað við óbreyttar fjárveitingar til þeirra málaflokka sem sameinast í stofnunni og vandséð að rekstarlegt hagræði vegi þar á móti.

Embætti veiðimálastjóra er mikilvæg stjórnslueining sem hefur margháttað hlutverk sbr. lög um lax og silungsveiði m.a. varðandi eftirlit í veiðimálum og leyfisveitingar af ýmsum toga. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að veiðimálastjóri afli vottorða og umsagna sjálfstæðra fagaðila áður en embættið tekur ákvörðun sbr. t.d. 62. gr. laga nr 76/1970 með síðari breytingum. Þetta ferli er í fyrirliggjandi frumvarpi um of sett á eina hendi. Frá okkar sjónarmiði er mjög óheppilegt að yfirstjórn dýralækninga fisksjúkdóma og stjórnslu veiðimála verði á sömu hendinni. Staða hagsmunaaðila gagnvart stjórnvaldinu er þar með gerð ójafnari en er í núgildandi löggjöf. Þannig hefði slík stofnun til að mynda beinni fjárhagslegan ávinning af fiskeldisíðnaðinum en nú háttar til með embætti veiðimálastjóra sem er ekki til þess fallið að skapa traust um þá starfsemi. Þá er galli á því fyrirkomulagi sem boðað er með frumvarpi um landbúnaðarstofnun hið mikla vald forstjóra og getur hann eftir atvikum sniðgengið undirmenn sína ef svo sýnist í einstökum málum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.


3. gr. Hæfisreglur um forstjóra landbúnaðarstofnunar eru einkennilegar svo ekki sé fastar að orði kveðið. Gerð er krafa um menntun á sviði dýralækninga. LV leggur

þunga áherslu á að þessari grein verði breytt í þá veru að gerðar verði kröfur um hæfni forstjóra á sviði rekstrar einvörðungu og leggst eindregið gegn greininni eins og hún liggur fyrir í frumvarpinu.

4. gr. Í þessa grein vantar fyllri ákvæði um um einstakar skrifstofur innan stofnunarinnar, faglegt sjálfstæði þeirra og fjárhag.

Ekki eru gerðar athugasemdir vegna breytinga á öðrum lögum sbr. þingskjal 1059

F.h. Landsambands veiðifélaga

  
Óðinn Sigþórsson formaður